

REGLUGERÐ

um línuvílnun.

1. gr.

Frá og með 1. september 2018, má við línuveiðar dagróðrabáta með línu, sem beitt er í landi, landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, keilu, löngu og karfa sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi, að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, keilu, löngu og karfa sem reiknast til aflamarks þeirra, í einstökum róðrum. Heimild þessi er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að línan sé beitt í landi og ekki séu önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra um borð í bátnum.
2. Að línan sé stokkuð upp í landi með þeirri aðferð sem lýst er í 2. gr. og ekki séu önnur veiðarfæri eða hlutar þeirra um borð í bátnum.
3. Að bátur komi til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að haldið var til veiða.
4. Að sjálfvirktilkynningakerfi bátsins sé virkt.
5. Að útgerðaraðili tilkynni um fyrirhugaðar línuveiðar til Fiskistofu skv. 4. gr.
6. Að við skráningu afla í löndunarhöfn, í aflauplýsingakerfið Gafl, komi fram, að veiðarfæri í tilteknum róðri hafi verið landbeitt lína eða lína stokkuð upp í landi samkvæmt upplýsingum útgerðaraðila.

2. gr.

Þegar lína er stokkuð upp í landi skal verkferill vera eftirfarandi: Lína fer eftir rörum í uppstokkara með burstum um borð í bátnum. Beita er þar þvegin af. Þeir krókar sem eru heilir og rata rétta leið raðast á stokk, en línan sjálf fer í kassa ásamt þeim krókum sem ekki eru í lagi. Sá hluti línumnar, þar sem taumar hafa slitnað af, fer beint í kassann. Kassar eru síðan hífðir í land í körum og á þann stað sem uppstokkun fer fram. Uppstokkun fer þannig fram að kassanum er komið fyrir í sérstakt sæti og stokkurinn festur við stærri rekka. Hver krókur fyrir sig er færður handvirkt inná þann rekka. Krókar eru réttir eða bætt á línumna og greitt úr flækjum eða hnútum. Þegar stokkurinn er tómur er línan flutt aftur á stokkinn sem hún var á og hann lagður í kassa.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuvílnun í þorski takmarkast við 3.000 lestir, 1.000 lestir af ýsu 700 lestir af steinbít, 100 lestir af löngu, 25 lestir af keilu og 30 lestir af gullkarfa, miðað við óslægðan fisk, sem skiptast þannig innan fiskveiðársins:

Tímabil	Þorskur	Ýsa	Steinbítur	Langa	Keila	Gullkarfi
1. September – nóvember	960	364	33	42	13	8
2. Desember – febrúar	1.138	320	105	18	3	4
3. Mars – maí	684	185	425	26	4	9
4. Júní – ágúst	218	131	137	14	5	9

4. gr.

Fiskistofa fylgist með línufla og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að viðmiðunarfla hvers tímabils verði náð, sbr. 2. gr. Náist ekki að veiða viðmiðunarafla einhvers tímabils bætast ónýttar heimildir við viðmiðunarafla næsta tímabils á eftir. Fiskistofa tilkynnir síðan frá hvaða degi tiltekinn afli reiknast að fullu til aflamarks.

5. gr.

Útgerðaraðili skal tilkynna Fiskistofu fyrirfram um upphaf og lok þess tíma sem línuveiðar samkvæmt 1. gr. eru fyrirhugaðar. Fiskistofa ákeður nánar hvernig tilkynningunni skuli háttáð. Tilkynningin gildir aldrei lengur en til loka fiskveiðárs.

Nr. 681

5. júlí 2018

6. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða til að öðlast gildi 1. september 2018. Jafnframt er feldd úr gildi reglugerð nr. 603/2017, um línuívilnun.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. júlí 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. júlí 2018